

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Stöðu sérfræðings fisksjúkdóma skal samhliða gildistöku laganna breytt í stöðu deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma.
2. Lög þessi skulu endurskoðuð innan fimm ára frá gildistöku.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 63 28. maí 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast innflutning vínanda, áfengis og tóbaks samkvæmt lögum þessum og dreifingu þessara vara undir yfirstjórn fjármálaráðherra í því skyni að afla ríkissjóði tekna.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal einni heimil starfræksla tóbaksgerðar og framleiðsla áfengra drykkja, sbr. þó ákvæði 3. mgr.

Fjármálaráðherra er heimilt að veita öðrum aðilum en Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leyfi til að framleiða áfenga drykki, enda sé slík framleiðsla ætluð til útflutnings eða til sölu í útsölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er heimilt að gerast eignaraðili að fyrirtækjum sem hafa fengið leyfi til að framleiða áfengi.

Ráðherra er heimilt að setja skilyrði fyrir því að leyfi sé veitt til framleiðslu áfengis. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal sjá um sölu á vínanda til þeirra aðila, sem hafa fengið leyfi til framleiðslu áfengis, og hafa eftirlit með að fylgt sé þeim skilyrðum sem ráðherra setur.

2. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Áfengi, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins flytur inn skv. 1. gr. og áfengi sem framleitt er innanlands skv. 3. gr., hefur hún ein heimild til að selja innanlands. Um endursölu áfengis hjá vínveitingahúsum fer eftir ákvæðum sérlaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.